



Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

## Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar 2021 - 2023

### Jafnrétti í Hjallastefnunni

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna sem rekur 15 leikskóla og 3 barnaskóla á Íslandi. Hjallastefnan var stofnuð árið 1999 af Margréti Pálu Ólafsdóttur og er starfrækt m.a. til að vinna að jafnréttismálum.

Hjallastefnan byggir á íslensku hugviti og er margverðlaunuð, bæði á Íslandi og sem og á erlendri grundu. Rannsóknir hafa sýnt að Hjallastefnubörn mælast jafnvíg og fremri á sumum sviðum en samanburðarhópar úr öðrum skólum.

Sem jafnréttisstefna leggur Hjallastefnan metnað sinn í að gæta jafnréttis milli nemenda og starfsfólks. Unnið er eftir sex meginreglum sem eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskólanna.

1. **Börn og foreldrar:** Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.
2. **Starfsfólk:** Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæði, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.
3. **Umhverfi:** Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og víðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.
4. **Efniviður:** Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikfnið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleika tengd verkefni eru í fyrirrúmi.
5. **Náttúra:** Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.
6. **Samfélag:** Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skóla samfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

**Kynjanámskrá – persónuþroski hvers barns styrktur**



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar felur í sér að styrkja persónuþroska hvers barns svo og þá hegðun sem starfsfólk þarf að tileinka sér. Með svokallaðir kynjanámskrá nýtir Hjallastefnan hið félagslega kynferði sem áhald til að vinna markvist að uppbótarvinnu gegn takmörkunum hefðbundinna kynjahlutverka svo og til að mæta ólíkum þörfum og þroska stúlkna og drengja. Kynjaskipting er því þeirra leið í jafnréttissátt, þar sem börnin starfa á stúlkna-og drengjakjöörnum stóran hluta dagsins.

Bæði kyn þjálfast í öllum sammannlegum eiginleikum með svonefndri uppbótarvinnu: drengir þurfa aukastyrkingu í félagslegum eiginlega eins og samvinnu, umhyggju, nálægð og að nota orðin sín í stað átaka. Stúlkur þurfa aukastyrkingu í einstaklings eiginleikum eins og sjálfstrausti, hugrekki, frumkvæði og láta rödd sína heyrast í stað þess að draga sig til baka.

Daglega er kynjablöndun þar sem börn á sama aldri hittast og æfa virðingu, samskipti í skipulögðu og kennarastýrðu starfi til að blöndunin verði jákvæð og eftirsóknarverð reynsla. Kjarnarnir eru kenndir við litir eins og Rauðikjarni (drengir) og Bláikjarni (stúlkur) til að brjóta upp hugmyndir um „stelpulegt“ og „strákalegt“.

Sem jafnréttisfélag hefur Hjallastefnan barist fyrir því að allir skólar njóti jafnræðis varðandi opinber fjárframlög og fyrir því að allir foreldrar fái notið valfrelsis þegar kemur að uppeldi og menntun barna sinna, óháð fjárhagsstöðu og öðrum þáttum.

## Jafnréttisáætlun

Í Hjallastefnunni er mikil áhersla lögð á að góð menning ríki í fyrirtækinu. Að starfsfólk skynji að það tilheyri samfélagi þar sem borin er virðing fyrir öllum, heildræn sýn á starf skólans og sameiginlegt hlutverk, gildi og markmið séu skýr. Börnin eru það mikilvægasta í starfi Hjallastefnunnar og lögð er áhersla á að nálgast hvert barn með kærleika og hlýju.

Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar miðar að því að gera vinnustaðinn enn betri, skólann eftirsóknarverðan og tryggja jafnrétti í víðasta skilningi þess orðs. Með námskrám er gagnkvæmur skilningur allra á mikilvægi vellíðan og jafnréttis hjá Hjallastefnunni tryggður.

Unnið er eftir Meginreglum sem eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnunnar. Að auki búa skólarnir að sérstakri kynjanámskrá sem er unnið að kerfisbundið allt skólaárið eins og fram hefur komið.

Með jafnréttisáherslum er lögum (Jafnréttislögum) um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 framfylgt. Þar segir að fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, skulu setja sér jafnréttisáætlun eða kveða sérstaklega á um jafnrétti karla og kvenna í starfsmannastefnu sinni.



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

Birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti er í forgrunni í öllu skólastarfinu en hér má finna helstu áherslur í jafnréttismálum:

Ábyrgðaraðilar tryggja árangursmat og eftirfylgni með starfsmannakönnunum, í starfsmannasamtölum og á sameiginlegum fundum.

### Til að fylgja eftir Jafnréttisstefnu Hjallastefnunnar er unnið eftir jafnréttisáætlun um helstu áherslur

#### Aðgerðaráætlun

##### 1. Launajafnrétti – Jöfn laun til karla og kvenna fyrir sömu störf

Hjallastefnan greiðir sömu laun fyrir jafnverðmæt störf og eru laun starfsfólks Hjallastefnunnar greidd samkvæmt kjarasamningum starfsfólks. Hjallastefnan tryggir þannig að 19. grein jafnréttis laga sé virt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allir fá sömu laun fyrir störf sín sem taka mið af kjarasamningum starfsfólks.	Tölfræðileg samantekt er gerð árlega og launa- og kjararéttindi starfsfólks þannig greind árlega eftir kyni og starfsheitum. Þannig er fylgst með launum starfsfólks út frá kynjasjónarmiði. Leiðrétt umsvifalaust ef mismunur kemur fram í launum eða fríðindum.	Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri.	Eftirfylgni allt árið en tekið sérstaklega fyrir í innri endurskoðun jafnlauna í mars ár hvert.

##### 2. Jafnvægi og samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Hjallastefnan leggur áherslu á sveigjanleika starfsfólks þannig að það geti óháð kyni axlað ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili s.s. nýti sér rétt til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna. Starfsfólki Hjallastefnunnar er auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna. Skipulag skólakerfisins er lagað að þörfum fjölskyldu- og atvinnulífs og samningar á vinnumarkaði virtir sem kveða á um styttri og sveigjanlegri vinnutíma til að gera fólki kleift að samræma þarfir einkalífsins og atvinnu.



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öll kyn geti tekið ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili.	Starfsfólk er hvatt til að samræma einkalíf og atvinnu.	Stjórnendur hvers skóla.	Kynnt fyrir starfsfólki í starfsfólkssamtali ár hvert.
Sveigjanleiki í starfi til að samræma þarfir fjölskyldu sinnar, einkalífi og atvinnu og blómstra í leik og starfi.	Stytting vinnuvikunnar.	Stjórnendur hvers skóla.	Á við í sérhverri ráðningu hjá Hjallastefnunni og partur af áherslum í mönnun leik- og grunnskóla.
Starfsfólk verði ánægðari í starfi.	Stytting vinnuvikunnar.	Stjórnendur hvers skóla.	Stytting vinnuvikunnar komin í virkni hjá öllum leikskólum Hjallastefnunnar árið 2019 og kynnt markvisst fyrir öllu starfsfólki.
Starfsfólk verði síður fjarverandi vegna veikinda.	Stytting vinnuvikunnar.	Stjórnendur hvers skóla.	Stytting vinnuvikunnar komin í virkni hjá öllum leikskólum Hjallastefnunnar árið 2019 og kynnt markvisst fyrir öllu starfsfólki.
Minni starfsfólksvelta	Stytting vinnuvikunnar.	Stjórnendur hvers skóla.	Stytting vinnuvikunnar komin í virkni hjá öllum leikskólum Hjallastefnunnar árið 2019 og kynnt markvisst fyrir öllu starfsfólki.
Eftirfylgni með líðan starfsfólks þar sem sérstaklega er skoðað þættir sem snúa að starfsánægju og líðan í starfi og samþættingu vinnu og einkalífs.	Árlegar viðhorfskannanir.	Þróunarstýra	Árlegar viðhorfskannanir starfsfólks Hjallastefnunnar.



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

### 3. Atvinnuauglýsingar, starfsþróun og ráðningar

Tekið er mið af jafnréttissjónarmiðum og öðrum mikilvægum sjónarmiðum þegar ráðið er í störf hjá Hjallastefnunni og unnið er markvisst að því að jafna stöðu kynjanna. Meirihluti starfsfólks Hjallastefnunnar eru konur og því er við nýráðningar leitast við að jafna kynjahlutfallið. Atvinnuauglýsingar höfða þannig til allra kynja og tryggt er að starfsþróun og menntun starfsfólks er öllum aðgengileg óháð kyni. Konum og körlum sem vinna jafnverðmæt störf skal til jafns standa til boða tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standa báðum kynjum til boða og unnið er að því að jafna hlut kynjanna.	Jafnréttissjónarmið í ráðningum og atvinnuauglýsingar sem höfða til allra kynja.	Skólastjórnendur og framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar.	Á við í sérhverri ráðningu hjá Hjallastefnunni.
Öllum sem vinna jafnverðmæt störf skal til jafns standa til boða tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar.	Við gerð símenntunar- og fræðsluáætlunar skal þess gætt að kynjunum sé ekki mismunað.	Stjórnendur sem annast ráðningar og tryggja starfsþróun starfsfólks.	Á við í sérhverri ráðningu og við gerð áætlana hjá Hjallastefnunni.

### 4. Jöfn aðstaða á vinnustað

Vinnuaðstaða og aðgengi tekur mið af báðum kynjum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Vinnuaðstaða tekur mið af kynjum og aðgengi er gott og hugað að ólíkum þörfum.	Gæta í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni að kynjum sé ekki mismunað og leitast við að þörfum alls starfsfólks sé mætt.	Skólastýra hvers skóla með stuðningi framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar.	Eftirfylgni allt árið og tekið út í árlegu gæða innliti.

### 5. Misrétti, einelti, ofbeldi og/eða áreitni



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

Með meginreglum Hjallastefnunnar eru samskipti vel kortlögð og þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi og/eða áreitni er unnið út frá aðgerðaráætlunum. Undantekningalaust er brugðist við kynbundnu misrétti, ofbeldi og/eða kynferðislegri áreitni enda slíkt ekki liðið og stefna Hjallastefnunnar og hvers skóla að útrýma slíku – enda ofbeldi aldrei réttlætjanlegt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að útrýma misrétti, áreitni og/eða ofbeldi ef mál af þeim toga koma í ljós sama í hvaða mynd það birtist.	Ofbeldi er ekki liðið hjá Hjallastefnunni og undantekningalaust er gripið til aðgerða og áætlana sem kynntar eru.	Skólastýra hvers skóla með stuðningi framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar.	Eftirfylgni allt árið og tekið út og mælt í árlegri viðhorfskönnun.

### 6. Kynjasambætting

Á hverjum degi er unnið markvisst að jafnrétti, það hefur bein áhrif á starfsfólk og meðvitund um þá ósýnilegu þætti sem mörgum er hulið. Unnið er með menningu drengja og stúlkna sem starfsfólk heimfærir yfir á eigin veruleika. Starfsfólk er upplýst um sambættingu jafnréttissjónarmiða Hjallastefnunnar við meginstarfsemina og markmið í jafnréttismálum. Allt vinnusambandið einkennist af áherslum í jafnréttismálum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Aukin vitund starfsfólks og sérstaklega nýs starfsfólks um jafnréttismál.	Fræðsla til að tryggja að allt starfsfólk þekki jafnréttissjónarmið Hjallastefnunnar.  Nýliðabjálfun Hjallastefnunnar	Gæðastýra	Árleg nýliðabjálfun.
Þjálfun í jafnréttismálum og kynjanámskrá Hjallastefnunnar	Fræðsla til að tryggja að allt starfsfólk þekki jafnréttissjónarmið Hjallastefnunnar.  Nýliðabjálfun Hjallastefnunnar, vika sex sem þjálfar sérstaklega jafnrétti og kynjanámskrá.	Gæðastýra	Árleg nýliðabjálfun.



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

### 7. Eftirfylgni og endurskoðun

Hjallastefnan leggur áherslu á símat þannig að hægt sé að fá leiðbeinandi upplýsingar um skólamenningu, skólabrag, líðan barna í skólanum og hvernig unnið er að markmiðum í skólastarfinu. Fjölbreyttar matsaðferðir eru nýttar til að afla þessara upplýsinga en niðurstöður eru notaðar til uppbyggingar og leiðsagnar í skólastarfinu. Margir þættir spila saman til að tryggja fullkomið jafnrétti á vinnustað en með símati er hægt að vinna með það markmið að gera alltaf betur og betur.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að stjórnendur séu vel upplýstir og þekki vel Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar	Jafnréttisáætlun er kynnt á fundum skólastjórnenda.	Framkvæmdastjóri	Árlega tekin fyrir og kynnt.
Að starfsfólk sé vel upplýst og þekki vel Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar	Að fræða starfsfólk um jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar.  Með því að halda Haustráðstefnu Hjallastefnunnar árlega, mánaðarlegum skólastjórafundum og handbók sem gefin er út.  Jafnréttisáætlun kynnt í nýliðaáætlun sem og aðgengileg á heimsíðu og innra neti.	Gæðastýra, Próunarstýra og stjórnendur	Eftirfylgni allt árið, árlega tekið fyrir.
Að foreldrar og forráðamenn séu upplýstir og þekki til Jafnréttisáætlunar skólans.	Að fræða foreldra um Jafnréttisáætlun skólans á kynningarfundum, sem og foreldraráði og foreldrafélagi.  Áætlun sett á heimasíðu skólans.	Skólastjórnendur og kennarar.	Árlega.
Að framfylgja Jafnréttisáætlun skólans.	Skipa jafnréttisnefnd fyrir skólaárið.	Skólastjórnendur	Eftirfylgni allt árið.



## Hjallastefnan

Heiti skjals: Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar  
Ábyrgðaraðili: Gæðastjóri  
Viðtakendur: Allir innri og ytri aðilar  
Útgáfudagur: 01.01.2018  
Uppfært: 05.05.2022  
Útgáfa 5

Að framfylgja og endurmeta Jafnréttisáætlun Hjallastefnunnar.	Skipa jafnréttisnefnd með fulltrúum frá Miðstöð, stjórnendum og starfsfólki skóla.	Framkvæmdastjóri	Árlega.
Að framfylgja og endurmeta jafnréttisáætlun skólans.	Notast við starfsmannasamtöl og sjálfsmat skólans. Kynning að hausti fyrir foreldrum.	Skólastýra, kennarar og jafnréttisnefnd.	Árlega.

### Lokaorð

Jafnrétti er og hefur verið grunnþáttur Hjallastefnunnar. Starfsfólk er upplýst og frætt um jafnrétti enda ríkuleg skylda sem hvílir á skólum landsins er kemur að jafnréttismálum. Með Meginreglum Hjallastefnunnar eru samskipti vel kortlögð en til að gera ávallt betur er starfsfólk hvatt til að koma með tillögur að endurbótum. Á þetta við um jafnréttismál sem og alla aðra mikilvæga þætti sem fléttast saman við þætti lífsins og mannlega tilveru. Að vera í fararbroddi í jafnréttismálum hefur ávallt verið markmið Hjallastefnunnar og jafnréttisvitund starfsfólks skólanna er afar rík. Hjallastefnan sem fyrirtæki vill vinna vel og leggja mikla vinnu í það.